

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 153/2010 um takmörkun á inntöku nemenda í tilteknar námsgreinar við Háskóla Íslands.

1. gr.

III. liður 1. gr. fellur niður.

2. gr.

Í stað orðanna „I. og III. lið“ í 1. másl. síðustu málsgreinar 1. gr., um inntökunefnd, kemur: I. – II. lið.

3. gr.

Í stað tölunnar „40“ í lok 1. másl. 1. mgr. 2. gr. kemur: 30.

4. gr.

II. kafli reglnanna ásamt fyrirsögn fellur niður. Jafnframt breytist tölusetning þeirra kafla sem á eftir koma, þ.e. III. kafli verður II. kafli og IV. kafli verður III. kafli.

5. gr.

3. gr. reglnanna verður hluti I. kafla og orðast svo ásamt fyrirsögn:

Takmörkun á inntöku nemenda í lagadeild.

Fjöldi nemenda á 1. námsári við lagadeild takmarkast við töluna 150. Um framkvæmd fjöldatakmörkunar í lagadeild gilda reglur nr. 928/2013 um inntöku nýnema og inntökupróf í lagadeild Háskóla Íslands.

6. gr.

Í stað tölunnar „25“ í 2. mgr. 4. gr. kemur: 35.

7. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fengnum tillögum fræðasviða og deilda háskólans, gilda frá og með háskólaárinu 2014-2015 og eru settar samkvæmt heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Háskóla Íslands, 12. desember 2013.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.